



# Starfslokastefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

## Inngangur

Hlutverk Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) er að sinna slökkvistarfi samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Meginmarkmið SHS felst í því að sinna forvörnum og útkallsþjónustu á þjónustusvæði. Tilgangurinn er að bjarga lífi, draga úr afleiðingum umhverfisslysa og að bjarga eignum.

SHS ber að vinna brunavarnaáætlun sem samþykkt er af Mannvirkjastofnun og stjórnun aðildarsveitarfélaga þess til að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin í lögum og reglugerðum.

Stjórn SHS lítur svo á að nauðsynlegt sé að til staðar verði viðunandi og varanleg lausn á þeim vanda sem steðjar að SHS vegna hækkandi aldurs starfandi slökkviliðsmanna. Aldur starfsmanna hefur mun meiri áhrif á starfsemi slökkviliða en annarra fyrirtækja vegna eðlis starfsins. Umræða um mikilvægi þess að leysa starfsloka- og starfsaldursmál slökkviliðsmanna hefur átt sér stað áratugum saman og endurpeglast m.a. í bókunum með kjarasamningum LSS í gegnum tíðina. Engin viðeigandi og mannsæmandi úrræði eru enn í sjónmáli vegna þeirra starfsmanna sem standast ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um styrk og þrek liðsins.

Á meðan svo er er mikilvægt að slökkviliðsstjóri hafi umboð til þess að semja við starfsmenn um flýtt starfslok þegar aldur þeirra gerir að verkum að þeir eiga erfitt með að sinna reykjöfun og sjúkraflutningum.

## Starfslokastefna SHS

Sérstaða og sérhæfing starfa slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og þær ríku kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum til þjálfunar og þreks þeirra gera það að verkum að þeir verða að hverfa frá þeim störfum fyrr en almennt gerist með opinbera starfsmenn.

Starfsmönnum SHS verði boðnir starfslokasamningar þegar aldur þeirra kemur í veg fyrir að þeir geti sinnt starfi sínu, sérstaklega á aðgerðasviði, enda verði þeim ekki fundið annað starf við hæfi innan stofnunarinnar. Þessi samningur skal einungis bjóðast einu sinni og í honum skulu felast launagreiðslur í eitt ár.

## Ábyrgð og hlutverk

- Stjórn setur starfslokastefnuna og hefur yfirsýn og eftirlit með framkvæmd hennar.
- Slökkviliðsstjóri kemur að mótun starfslokastefnunnar og ber ábyrgð á framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Hann fylgir eftir ákvörðun stjórnar.
- Endurskoðendur SHS hafa það hlutverk að staðfesta að starfslokastefnu SHS og samþykktu verklagi vegna hennar sé fylgt.

## Gildistaka og endurskoðun starfslokastefnu

Starfslokastefna þessi tekur gildi við undirritun hennar. Hún skal endurskoðuð að þremur árum liðnum.

Reykjavík, 21. mars 2018

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.